

**Fjármálaeftirlitið**

**09 978**

**Ársreikningur 2020**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

## **Fjármálaeftirlitið**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

Fjármála- og efnahagsráðuneytisins

**Kt. 541298-3209**

Lindargötu, 101 Reykjavík

Samþykktur ársreikningur hefur ekki borist Fjársýslunni

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.330.500.000	2.320.000.000
Seld þjónusta .....	3	0	12.047.211
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	0	41.768.857
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	0	19.865.449
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.330.500.000</b>	<b>2.393.681.517</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	93.757.642	1.634.941.008
Framlög og tilfærslur .....	6	2.330.500.000	0
Annar rekstrarkostnaður .....	7	0	406.044.859
Afskriftir .....	8	0	19.865.449
<b>Gjöld samtals</b>		<b>2.424.257.642</b>	<b>2.060.851.316</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>			
		(93.757.642)	332.830.201
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	9	0	(223.064)
		0	(223.064)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(93.757.642)</b>	<b>332.607.137</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárhheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(146.157.642)	332.607.137
Rekstrartilfærslur .....		52.400.000	0
		(93.757.642)	332.607.137

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Ódefnislegar eignir .....	10	0	<u>2.140.423</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld, tæki og búnaður .....	0	50.662.726	
Farartæki og vélar .....	0	121.078	
Aðrar eignir .....	0	189.411	
	<u>0</u>	<u>50.973.215</u>	
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>0</b>	<b>53.113.638</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	0	6.225.343	
Tengdir aðilar .....	11	0	173.618.183
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	0	124.215
Handbært fé .....	13	0	752.346.679
	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>0</b>	<b>932.314.420</b>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>0</b>	<b>985.428.058</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	14	0	<u>876.627.409</u>
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>0</b>	<b>876.627.409</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	0	31.032.762
Viðskiptaskuldir .....	15	0	31.069.741
Ýmsar skammtímaskuldir .....	16	0	11.109.127
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	0	35.589.019	
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>0</b>	<b>108.800.649</b>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>0</b>	<b>985.428.058</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	<b>17</b>		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstremisfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....	(93.757.642)	332.607.137	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir .....	8	0	19.865.449
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		0	(19.865.449)
	(93.757.642)	332.607.137	
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímaskuldir .....	6.349.558	(4.090.469)	
Tengdir aðilar .....	142.585.421	140.924.263	
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....	(42.178.868)	(182.775.894)	
	106.756.111	(45.942.100)	
	<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>12.998.469</b>	<b>286.665.037</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	0	(21.852.933)
		0	(21.852.933)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Sameining við Seðlabankann .....	(765.345.148)	0	
Tengdir aðilar .....	0	11.852.933	
Fjárfestingarframlag .....	0	10.000.000	
	(765.345.148)	21.852.933	
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....	(752.346.679)	286.665.037	
	752.346.679	465.681.642	
	<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>0</b>	<b>752.346.679</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendar um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stöd í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veitrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	Óafskrifaað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsrekning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## **Skýringar**

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	2.330.500.000	2.320.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	0	19.865.449
	<u>2.330.500.000</u>	<u>2.339.865.449</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádegnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	(52.400.000)	2.382.900.000	0	2.330.500.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>(52.400.000)</b>	<b>2.382.900.000</b>	<b>0</b>	<b>2.330.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádegnum sértekjum ...	(93.757.642)	(2.330.500.000)	0	(2.424.257.642)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(146.157.642)</b>	<b>52.400.000</b>	<b>0</b>	<b>(93.757.642)</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Veitinga- og gistiþjónusta .....	0	12.047.211
	<u>0</u>	<u>12.047.211</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Ýmsar tekjur .....	0	41.768.857
	<u>0</u>	<u>41.768.857</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	93.757.642	1.444.408.657
Orlof, breyting .....	0	(175.166.098)
Launatengd gjöld .....	0	328.653.328
Starfsmannakostnaður .....	0	37.045.121
	<u>93.757.642</u>	<u>1.634.941.008</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	0,0	116,7
------------------------------	-----	-------

### 6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	2.330.500.000	0
	<u>2.330.500.000</u>	<u>0</u>

## Skýringar

	2020	2019
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	0	2.976.582
Byggingarvörur, almennar .....	0	60.777
Ýmis tæki og áhöld .....	0	2.695.552
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	0	19.518
Orkugjafar .....	0	1.911.517
Matvæli .....	0	21.212.921
Almennar rekstrarvörur .....	0	2.102.215
Vörukaup, almenn	<u>0</u>	<u>30.979.082</u>
Fundir, námskeið, risna .....	0	49.523.553
Ferðir, uppihald .....	0	36.182.646
Akstur .....	0	2.070.636
Sérfræðipjónusta .....	0	52.675.327
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	0	170.065
Auglýsingar og kynningarstarfssemi .....	0	9.632.327
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	0	4.150.019
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>0</u>	<u>154.404.573</u>
Samningsbundin kaup og leiga .....	0	55.071
Afnotagjöld .....	0	87.776.214
Leigugjöld .....	0	105.163.414
Notkun véla og flutningatækja .....	0	368.691
Verkkaup .....	0	11.521.935
Kostnaðarhlutdeild .....	0	14.261.569
Áhættutap og bætur .....	0	1.500.000
Tapaðar kröfur .....	0	14.310
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>0</u>	<u>220.661.204</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>0</u>	<u>406.044.859</u>
	2020	2019
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.p.h. ....	0	18.445.156
Læknings- og rannsóknartæki .....	0	21.857
Áhöld, tæki og búnaður .....	0	18.467.013
Farartæki og vélar .....	0	3.104
Niðurarfærla óefnislegra eigna .....	0	1.395.332
	<u>0</u>	<u>19.865.449</u>
<b>9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</b>		
Fjármagnskostnaður .....	0	223.064
	<u>0</u>	<u>223.064</u>

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>10 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	0	2.140.423
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	0	50.662.726
Farfartæki og vélar .....	0	121.078
Aðrar eignir .....	0	189.411
	<u>0</u>	<u>50.973.215</u>
	31.12.2020	31.12.2019
<b>11 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Áætluð leiðréttung vegna fjárveitinga .....	0	173.618.183
	<u>0</u>	<u>173.618.183</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	31.023.526
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	0	9.236
	<u>0</u>	<u>31.032.762</u>
<b>12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	124.215
	<u>0</u>	<u>124.215</u>
<b>13 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	0	750.137.867
Sparisjóðsreikningar .....	0	2.208.812
	<u>0</u>	<u>752.346.679</u>
<b>14 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárréikningum;	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	876.627.409	544.020.272
Sameining við Seðlabankann .....	(782.869.767)	0
Afkoma ársins .....	(93.757.642)	332.607.137
Jöfnuður 31.12. ....	<u>0</u>	<u>876.627.409</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>15 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldur .....	0	31.069.741
	<hr/>	<hr/>
	0	31.069.741

### 16 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreidd laun .....	0	4.877.537
Önnur ógreidd gjöld .....	0	6.231.590
	<hr/>	<hr/>
	0	11.109.127

### 17 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samninga.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.